

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 13/1969.

Ákæruvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Víkingi Guðnasyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Í hinum áfrýjaða dómi er rekstur málsins í héraði rakinn. Í Hæstarétti hefur verið lagt fram siglingavottorð ákærða, sem ber með sér, að hann var lögskráður skipverji á m/s Önnu Borg frá 21. október 1965 til 28. september 1968 að undanskildu tímabilinu frá 16. september 1966 til 6. apríl 1967 og 8. október 1967 til 8. apríl 1968. Þá hefur verið lagt fram í Hæstarétti vottorð Skipaleiða h/f um viðkomudag skipsins í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík á tímabilinu frá 20. október 1965 til 1. október 1968. Ber vottorð þetta með sér, að á þessu tímabili hefur skipið mjög oft verið í höfn í Reykjavík, allt frá 2 að 9 dögum í einu.

Ber að víta hinn óhæfilega drátt á rekstri máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Víkingur Guðnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. nóvember 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 28. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 550/1968: Ákærvaldið gegn Gunnari Víkingi Guðnasyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 25. marz s.l., gegn ákærða, „Gunnari Víkingi Guðnasyni sjómanni, Moshvoli, Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, fæddum 2. maí 1945 að Moshvoli, Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, fyrir að aka mánu-dagsnóttina 2. ágúst 1965 undir áhrifum áfengis og án ökurétt-inda bifreiðinni L 278 nokkurn spöl um Húsadal í Þórsmörk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 2. ágúst 1965, um kl. 0300, voru tveir lögreglumenn, er voru við löggæzlu í Þórsmörk, á gangi um Húsadal. Veittu þeir athygli jeppabifreiðinni L 278, sem var ekið eftir götuslóða sunnan við dansflötina á staðnum. Var þar fjöl-margt fólk á gangi og þröng mikil og akstursskilyrði því erfið. Það vakti sérstaka athygli lögreglumannanna, að farþegi í bifreiðinni, er sat við hlið ökumanns, var sofandi vegna ölvunar og slóst í hliðarrúðuna. Lögreglumennirnir stöðvuðu bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem var Gunnar Víkingur Guðnason, ákærði í máli þessu. Virtist þeim hann greinilega með áfengis-áhrifum. Ákærði var færður til yfirheyrslu hjá Greipi Kristján-syni lögregluvarðstjóra, er var á staðnum, en að því búnu tók læknir, er þar var staddur, blóðsýnishorn úr ákærða til alkóhól-rannsóknar. Ákærði kvaðst ekki hafa öðlazzt ökuleyfi.

Við yfirheyrslu hjá Greipi Kristjánssyni lögregluvarðstjóra

viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni, en kvað óákveðið, hvert ferðinni hefði verið heitið. Ákærði kvaðst hafa drukkið alls heila flösku af whisky svo og hvítvín frá því kl. 1400 daginn áður, unz hann var handtekinn, og viðurkenndi að hafa fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Í skýrslu varðstjóra segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, hann hafi verið æstur, augu hans verið vot og dauf, en jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Ákærði hefur skýrt frá því, að faðir sinn hafi átt bifreiðina L 278. Kveðst hann hafa farið frá Moshvoli inn í Þórsmörk á bifreiðinni laugardaginn 31. júlí ásamt Jóhannesi Halldóri Pétursyni og hafi Jóhannes Halldór ekið. Gistu þeir þar í tvær nætur. Kvöldið áður en ákærði var handtekinn, kveðst hann hafa neytt áfengis og gerir ráð fyrir, að hann hafi verið eitthvað undir áfengisáhrifum, er hann fór að sofa. Ákærði kveður bifreiðina hafa staðið við tjald þeirra félaga í gilskorningi. Vöknuðu þeir um nóttina og var kalt. Settust þeir því inn í bifreiðina. Kveðst ákærði hafa ræst vélina til að fá miðstöðina í gang. Ákærði vill ekki kannast við að hafa verið beinlínis að aka innan um fólksfjöldann, en vera kunni, að hann hafi ekið eitthvað aftur á bak eða hreyft bifreiðina, þar sem hún hafi staðið illa. Ákærði kveðst telja, að hann hafi verið eitthvað með áfengisáhrifum, þegar lögreglan hafði afskipti af honum. Ákærði las í dóminum skýrslu lögregluvarðstjóra. Var hann jafnframt að því spurður, hvort hann vildi vefengja hana, en samkvæmt skýrslu þessari jatar hann að hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst ákærði ekkert geta um þetta sagt.

Við þingfestingu máls þessa tók ákærði fram, að hann mótmælti því að hafa verið að aka bifreiðinni L 278 í umrætt sinn, en annars kvaðst hann ómögulega muna um þetta.

Vitnið Jóhannes Halldór Pétursson verkamaður, Hamrahlíð 5, er að framan greinir, kveðst hafa unnið með ákærða við brúargerð umrætt sumar og vart séð hann síðan. Vitnið kveður þá hafa átt frí um verzlunarmannahelgina og hafi þeir farið austur á Hvolsvöll sunnudaginn 1. ágúst, að það minnir. Heima hjá ákærða fengu þeir lánaða bifreið föður hans með því skilyrði, að vitnið æki, þar sem ákærði var próflaus. Vitnið ók bifreiðinni inn í Þórsmörk. Lagði það bifreiðinni í brekku og slógu þeir félagar upp tjaldi þar skammt frá. Þeir tóku síðan að neyta áfengis og rangluðu eitthvað þarna um. Vitnið man síðan, að það vaknaði einhvern tíma í bifreiðinni, og var hún þá annars

staðar en það hafði lagt henni, að því er það minnir. Vitnið kveðst hafa verið eitt í bifreiðinni, er það vaknaði þar. Hélt það að tjaldi þeirra, og var ákærði þar. Sagði hann því, að lögreglan hefði haft afskipti af sér. Vitnið kveðst ekkert muna eftir því atviki, en fengið lykla bifreiðarinnar hjá lögreglunni daginn eftir og ekið bifreiðinni að Moshvoli.

Vitnið Sigurður Þórhallsson, fyrrverandi lögreglumaður, var annar þeirra lögregluþjóna, er handtóku ákærða í umrætt sinn, og undirritar það lögregluskýrsluna. Vitnið las skýrslu sína í dómi og kvaðst staðfesta hana, en um málsatvik kvaðst það muna óljóst.

Vitnið Ármann Jakob Lárusson, fyrrverandi lögreglumaður, var með Sigurði Þórhallssyni í Þórsmörk í framangreint skipti. Vitnið kveðst minnast þess, að þeir hafi séð jeppabifreið ekið þar eftir troðningi, þar sem mikið var af gangandi fólki. Stöðvuðu þeir bifreiðina, og kom í ljós, að ökumaðurinn var ölvaður.

Í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, fundust reducerandi efni, er samsvara 2.58% af alkóhóli.

Með framburði vitnanna í máli þessu svo og þegar virtur er framburður ákærða sjálfs, telst sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni L 278 í umrætt skipti, en hann var með áfengisáhrifum samkvæmt eigin játningu, sem studd er niðurstöðu alkóhólranssóknarinnar á blóðsýnishorninu úr honum og öðrum gögnum í máli þessu. Þegar framangreindur akstur fór fram, hafði ákærði ekki öðlæzt ökuréttindi.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Verjandi ákærða í máli þessu, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess í málsvörn sinni, að ákærði verði sýknaður af atferli því, er í ákæru greinir, vegna þess að sök ákærða sé fyrnd. Segir hann í málsvörninni á þessa leið: „Hinn 3. júlí 1967 kom að vísu skjólstæðingur minn ekki fyrir dómaraann, en dómþing sakadóms er sett, lagt fram eins árs gamalt fyrirskipunarbréf frá saksóknara, lögregluskýrslur og önnur gögn. Eitt vitni mætir í þessu réttarhaldi, en það er lögreglumaðurinn, sem gaf hina upprunalegu skýrslu í málinu 2. ágúst 1965.

Nokkru síðar kemur skjólstæðingur minn fyrir rannsóknardómarann, eða 25. júlí 1967. Gefur hann skýrslu eftir beztu samvizku og minni.

Síðan skeður ekkert í málinu í rúmlega sjö mánuði. Við réttar-

rannsókn er gersamlega hætt, og málið liggur í sjö mánuði. Hinn 28. febrúar 1968 er þingað í málinu að nýju fyrir rétti, tvö vitni yfirheyrð og málið sent saksóknara, sem gefur út ákæru hinn 25. marz 1968“.

Vegna þessarar kröfu lögmannsins þykir verða að rekja sögu máls þessa í höfuðdráttum.

Samkvæmt gögnum málsins sendi sakadómur Reykjavíkur sýslumanni Rangárvallasýslu niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærða með bréfi, dags. 24. júní 1966.

Með bréfi, dagsettu 29. sama mánaðar, sendi sýslumaðurinn saksóknara ríkisins skjöl málsins. Segir í bréfi þessu, að ákærði sé farinn á brott úr héraði fyrir löngu, þótt hann sé skráður á manntali heimilisfastur á Moshvoli. Starf hans sé farmennska og muni hann vera skráður skipverji á m/s Önnu Borg. Fyrir því sé óskað fyrirgreiðslu saksóknara um frekari afgreiðslu málsins.

Saksóknari ríkisins ritaði dóminum bréf, dags. 5. júlí 1966, er fylgdu skjöl máls þessa. Er í bréfi þessu krafizt þess, að mál þetta verði tekið til rannsóknar hér í borg, þar sem ákærði sé talinn skipverji á Önnu Borg, sem hingað muni koma öðru hverju.

Jón A. Ólafsson fulltrúi fékk málið til rannsóknar, eftir að bréfið barst frá saksóknara. Þingaði hann í því hinn 3. júlí 1967, og kom Sigurður Þórhallsson þá fyrir dóm. Hefur rannsóknar-dómarinn bókað í þingbók framangreindan dag sem hér segir:

„Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi fyrir alllöngu falið boðunardeild rannsóknarlögreglunnar að boða kærða Gunnar, sem er skipverji á m/s Önnu Borg. Skip þetta kemur sjaldan til landsins og þá iðulega aðeins á hafnir úti á landi. Rannsókn málsins verður haldið áfram, strax og næst til kærða“.

Næst var þingað í málinu hinn 25. sama mánaðar, og kom ákærði þá fyrir.

Með kvaðningu, dags. 16. október, var maður sá, sem var með ákærða í bifreiðinni, boðaður fyrir dóm miðvikudaginn 18. sama mánaðar, en ákærði hafði gefið upp nafn hans, Halldór Pétursson, sennilega til heimilis í Hamrahlíð 8. Maður þessi fannst ekki á þessum stað, og er skráð á kvaðninguna, að hann sé ekki til þar. Við nánari eftirgrennslanir kom í ljós, að maður þessi heitir fullu nafni Jóhannes Halldór Pétursson og býr í Hamrahlíð 5. Mætti hann í sakadómi hinn 28. febrúar 1968 og einnig vitnið Ármann Jakob Lárusson.

Málið var sent saksóknara til ákvörðunar með bréfi, dags. 20.

marz. Gaf saksóknari út ákæru í málinu hinn 25. sama mánaðar. Í bréfi, dags. sama dag, er fylgdi ákærunni, gerir saksóknari kröfu til þess, að lokið verði rannsókn málsins og það síðan tekið til dómsálagningar samkvæmt ákærunni.

Dómari máls þessa fékk það fyrst í hendur eftir útgáfu ákæru. Hefur hann frá þeim tíma í nokkur skipti falið lögreglunni að reyna að hafa upp á ákærða. Það tókst ekki fyrr en 3. f. m., en þá kom ákærði fyrir dóm, og málið var þingfest. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið í siglingum frá í apríl s.l.

Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða með bréfi, dags. 8. október s.l. Átti hann að skila málsvörn hinn 14. sama mánaðar. Vörnin barst ekki frá lögmanninum, og hinn 15. þ. m. ritaði dómurinn honum annað bréf og gaf honum frest á að skila vörn í málinu til 22. þ. m. Mætti verjandinn þá, skilaði vörn og lagði málið í dóm.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi unnt að fallast á þá skoðun verjanda ákærða, að sök í máli þessu sé fyrnd. Dráttur sá, sem orðið hefur á málinu, stafar fyrst og fremst af fjarveru ákærða, en hann er skráður búsettur í Rangárvallasýslu og hefur verið meira og minna í siglingum til útlanda. Með réttarrannsókn, er hófst hinn 3. júlí 1967, var fyrningarfrestur málsins rofinn, og síðan er rannsókninni haldið áfram að kröfu saksóknara, unz henni lýkur hinn 28. febrúar s.l. Er því eigi um það að ræða, að rannsókn máls þessa hafi verið hætt um óákveðinn tíma.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Ákærði hefur öðlzt ökuleyfi, eftir að framangreint atferli gerðist. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta hann ökuleyfi, og þykir ökuleyfisviptingin hæfilega ákveðin í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Víkingur Guðnason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.